Fullgild rafræn undirskrift
EINAR JÓN PÁLSSON
Kennitala: 141067-3119
2026-03-10 09:14:51 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
KARL SIGURÐUR ALVAR ALVARSSON
Kennitala: 240155-3549
2026-03-10 10:03:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MARGRÉT LILJA MARGEIRSDÓTTIR
Kennitala: 101291-3409
2026-03-10 11:32:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
VALA HRÖNN VIGGÓSDÓTTIR
Kennitala: 300871-4619
2026-03-11 12:41:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓN BJÖRGVIN GUÐNASON
Kennitala: 120359-5259
2026-03-11 14:24:05 GMT
Ástæða: Undirskrift

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
2. fundur 2026 (141. fundur)
FS ritar fundargerð

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 4. mars 2026 kl. 8:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum að Skógarbraut 945 á Ásbrú.

Viðstaddir:

Karl Alvarsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Jón B. Guðnason	"
Margrét Lilja Margeirsdóttir	"
Vala Hrönn Viggósdóttir	"
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Friðfinnur Skaftason	ritari

Gestir:
Brynjar Vatnsdal forstöðumaður flugvallarþróunar hjá Isavia

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar 2023-2040, vinnslutillaga.
Mál nr. 567/2023 í skipulagsgátt.
1.1 Kynning frá Isavia á frumgögnum vegna flugbrautarkerfisins.
Brynjar kynnti skýrslu Ricondo, dagsetta í maí 2020, sem m.a. hefur verið lögð fram sem frumgögn við greiningu á brautavalkostum við gerð vinnslutillögu aðalskipulagsins. Ricondo er óháður ráðgjafi með áratuga reynslu af flugvallahönnun. Skýrslan var að mestu unnin 2017-2019 og fjallar um flugvallarkerfið á Keflavíkurflugvelli, þáverandi stöðu og valkosti við framtíðaruppbyggingu með hliðsjón af á sögulegum gögnum og framtíðarspám um umferð.
Einn hluti þessarar vinnu var greining á nýtingarstuðli flugvallarins. Til þeirrar greiningar voru notaðar veðurathuganir á tíu ára tímabili, 2008-2017.
Umræður eru um skýrsluna m.a. var rætt um afkastaaukning, þarfir Landhelgisgæslunnar, um nothæfi stuðul brauta flugvallarins m.a. við lægri hliðarvind þ.e. 10 og 13 hnúta, og valkosti um brautastefnur sem gætu skipt máli t.d. fyrir innanlandsflugið.
Þá vann Ricondo frekari greiningu fyrir Isavia, dagsetta í nóvember 2024 á nothæfi stuðlum vallarins m.a. vegna skábraut og að sú greining er gerð aðgengileg á vinnusvæði nefndarinnar. Fram kom greiningin hafði verið kynnt á fundi fyrri Skipulagsnefndar.
Rætt var um það hvort að eitthvað í vinnslutillögunni kæmi í veg fyrir að innanlandsflugið færist til Keflavíkur yrði það vilji yfirvalda.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar óskar eftir staðfestingu Isavia á að ekkert í vinnslutillögu aðalskipulagsins komi í veg fyrir að innanlandsflugið geti færst til Keflavíkurflugvallar verði það vilji yfirvalda.

1.2 Kynnt er tillaga að nýju markmiði um almenningssamgöngur.
Rætt er orðalag tillögu Isavia að nýrri málsgrein um almenningssamgöngur við flugstöðina.
Rætt um aðstöðu almenningssamgangna við flugstöðina og bætt aðgengi við flugstöðina við framlengingu þjónustusamnings innviðaráðuneytisins við Isavia fyrir áramót.

Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar leggur til að í vinnslutillöguna, gr. 7.2, verði bætt við þriðja markmiði um almenningssamgöngur, „Stuðla að bættri aðstöðu og betri aðgengi fyrir almenningssamgöngur við flugstöðina“.

1.3 Ábending um „Keflavíkurveg“.
Bent er á að í tillögu að umhverfismatsskýrslu, þar sem fjallað er um hljóðvist, er vísað til bílaumferðar um Reykjanesbraut og Keflavíkurveg. Ekki liggur fyrir til hvaða vegar er verið að vísa.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar óskar eftir að Isavia afli skýringa hjá textahöfundi á tilvísun í „Keflavíkurveg“.

2. Önnur mál.

2.1 Starfsreglur Skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar.
Afgreiðsla: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að starfsreglum nefndarinnar.

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður þriðjudaginn 24. mars 2026, kl. 8:15.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:30.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:
https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx